


Sjónlist 103 (106)

Teikning og merking Haust 2011

Kennarar: Ari Halldórsson (H3), Hafdís Ólafsdóttir (H1), Ingibjörg Friðriksdóttir (H2), Kristveig Halldórsdóttir (H4)



Lýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði teikningar. Teiknuð eru einföld form, svo sem kassa- og kúlufurm, kenndar eru forsendur fjarvíddar og að teikna mannlíkamann eftir lifandi fyrirmynd. Í tengslum við vinnuna í teikningu er lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir í hvers konar samhengi þeir geta nýtt sér þessa þjálfun. Þeir eru hvattir til að þróa hugmyndir sínar áfram. Rík áhersla er lögð á umræður og að nemendur geti greint niðurstöður sínar út frá fagurfræðilegum forsendum. Samhliða teikningu er ætlast til þess að nemendur haldi skissubók þar sem þeir vinna myndir út frá því sem gert er í tímum og þróa jafnframt hugsanir sínar og hugmyndir út frá formfræðilegum forsendum.

Markmið:

Nemandi

- geri sér grein fyrir eðli, uppbygginu og samsetningu mismunandi forma
- geti teiknað einfaldar skissur út frá mismunandi fyrirmyndum
- sýni að hann geti þróað hugmyndir sínar út frá teiknivinnunni
- sé fær um að ræða og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum

Nemendur þurfa að kaupa:

Teikniblýanta HB-B2-B4

Teiknistroklaður, t.d. Boxy

Skissubók í þokkanlegu bandi, stærð A4

Námsmat	
Frumformin	20%
Hlutateikning	20%
Náttúruform	12%
Umhverfisteikning og fjarvídd	12%
Menn / Fuglar	12%
Skissubók	14%
Ástundun	10%
	100%

Mætingar

Nemandi telst fallinn í áfanganum ef heildarfjarvistir hans á önninni – vegna veikinda, leyfilegra og óleyfilegra fjarvista – eru meira en 20% af heildarstundafjölda áfangans. Nemandi er skráður fjarverandi í kennslustund ef 10 mínútur eru liðnar frá upphafi hennar.

Tónlist í eyrum eða í tölvum er ekki leyfð á meðan á kennslu stendur og nemendur eru minntir á að slökkva á farsímum og borða ekki mat í tímum.